

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Borgarness.

1. KAFLI

RAFMAGNSSALA

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Almenn notkun.

Fyrir almenna notkun eru taxtarnir hér á eftir reiknaðir í gjaldstigum. Eitt gjaldstig jafngildir kr. 1.85 frá og með 1. marz 1970, sbr. þó ákvæði í 5. kafla um breytingar á verðgildi gjaldstigs.

A 1. Taxtar með aflgjaldi og orkugjaldi.

A 11 Til ýmissa nota, um mestaafismæli:

kr. 2775.00 1500 gjaldstig fyrir hvert árs-kióvatt, og

— 0.55 0.3 gjaldstig fyrir hverja kwst.

Enn fremur skal greiða grunnjald,

— 2775.00 1500 gjaldstig á ári.

A 12 Til ýmissa nota, um markafismæli, með 5 kw. lágmarksstillingu.

kr. 3330.00 1800 gjaldstig fyrir hvert kw. í markafisstillingu,

— 0.55 0.3 gjaldstig fyrir hverja kwst. allrar notkunar,

— 7.40 4 gjaldstig fyrir hverja kwst. í notkun umfram markafisstillingu.

Enn fremur skal greiða grunnjald,

— 2775.00 1500 gjaldstig á ári.

A 2. Taxtar með orkugjaldi og fastagjöldum.

Orkugjald, mælt um kwst.mæli, reiknast þannig:

kr. 1.85, 1 gjaldstig fyrir hverja kwst.

Fastagjöld, til viðbótar orkugjaldi, reiknast þannig:

A 21 Til lýsingar:

kr. 37.00, 20 gjaldstig á ári af hverjum m² gólfplatar í rými því, sem lýsa skal. — Þó kemur aðeins helmingur gólfplatar til gjalda í geymslum, tilh. göngum o. þ. h. — Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum.

A 22 Til heimilisnotkunar:

kr. 185.00, 100 gjaldstig á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. — Herbergi minna en 5 m² skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Samanlagt skal reiknað með heilum tölum herbergja.

A 23 Til véla og annarra vinnutækja:

kr. 925.00, 500 gjaldstig á ári fyrir hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnutækja. Samanlagt skal reiknað í heilum kw.

A 3. Taxtar með orkugjaldi.

Orkugjald, mælt um kwst.mæli, reiknast þannig:

A 31 Til lýsingar og til ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar:

kr. 7.40, 4 gjaldstig fyrir hverja kwst. án skilyrða um nýtingartíma rafafis.

A 32 Til véla og annarra vinnutækja:

kr. 3.70, 2 gjaldstig fyrir hverja kwst. með því skilyrði, að uppsett ástimplað rafafli tækja sé minnst 1.5 kw. og nýtingartími þess eigi skemmri en 800 klst. á ári, þ. e. að notkun sé minnst 1200 kwst. Ef nýtingartíminn reynist skemmri, gildir taxti A 31.

Önnur ákvæði.

Um A 11:

- a. Aflnotkun mælist sem meðalálág yfir 15 mínútur.
- b. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, en aðeins er mæld orkan um kwst.mæli, má, ef sérstaklega stendur á, miða við ástimplað rafafli neyrlutækja og reiknast þá 1200 gjaldstig á ári fyrir hvert kw.

Um A 22:

- a. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð við útreikning á tölu herbergja.

Um A 23:

- a. Fyrir föst raftæki til matargerðar í gisti- og veitingahúsum, sjúkrahúsum og öðrum slíkum stöðum, kemur aðeins þriðjungur ástimplaðs samanlagðs rafaflls til gjalda.

Um A 32:

- a. Fyrir vinnulagnir bygginga í smíðum gildir þessi taxti án skilyrða um nýtingartíma.

Um A 1—A 3 (þ. e. alla taxtaflokkka):

- a. Til viðbótar öllum töxtum reiknast mælagjöld skv. 2. kafla gjaldskrár.
- b. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8, getur rafveitan krafist þess, að notandi geri ráðstafanir til að hækka stuðullinn á sinn kostnað upp í það gildi, en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna, meðan stuðullinn er undir 0,8.
- c. Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings, ef nauðsyn krefur að hans dómi, vegna truflana eða annarra annmarka af þeirra völdum.

Um kwst.mæli á: **B. Hitanotkun.**

- B 1. 1.15 kr./kwst., án rofs
- B 2. 0.65 kr./kwst., með allt að 1½ klst. rofi á sólarhring
- B 3. 0.61 kr./kwst., með allt að 2½ klst. rofi á sólarhring
- B 4. 0.49 kr./kwst., með allt að 4½ klst. rofi á sólarhring
- B 5. 0.34 kr./kwst., með allt að 14½ klst. rofi á sólarhring

Gjaldið breytist með útsöluverði á dísilolíu á hverjum tíma, en miðast hér við grunnverðið 3.27 kr. á olíulíttra. Þó reiknast aldrei hærra gjald en sem svarar 0.3 gjaldstigi fyrir taxa B 3 og í hlutfalli við það fyrir aðra hitunartaxta. — Gjaldið standi jafnan á heilum eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.
- b. Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c. Að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum rofa, og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum samkvæmt 2. kafla gjaldskrár.
- d. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fastfengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
- e. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

C. Sérákvæði um rafmagnssölu.

C 1. Til götu- og hafnarlýsingar:

1.3 gjaldstig fyrir hverja kwst.

C 2. Til notkunar eftir sérstökum samningi:

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu sam-

þykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn.

2. KAFLI MÆLAGJÖLD OG ROFAGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mæla, rofa og stýritækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða eftirfarandi árgjöld:

	Gjaldstig
1. Af mælum, þ. e.:	
M (11) einfasa kwst.mælum, 30 A og minni	60
M (12) þrífasa kwst.mælum, 50 A og minni	100
M (13) þrífasa kwst.mælum, yfir 50 A, án straumspenna	200
M (14) þrífasa kwst.mælum, yfir 50 A, með straumspennum	350
M (15) mestaafismælum	1200
M (16) markafismælum	1200
2. Af rofum, þ. e.:	
R (21) klukkurofum, 40 A og minni	300
R (22) klukkurofum, yfir 40 A, til og með 60 A	400
R (23) klukkurofum, yfir 60 A, til og með 200 A	500
R (24) klukkurofum, yfir 200 A	700
R (25) fjarstýritækjum	400

Af öðrum mælum og rofum en þeim, sem nefnd eru hér að framan, skal árgjaldið vera sem næst 15% af verði tækisins.

3. KAFLI TENGIGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald sem hér segir:

Gjald- skrárlíður Heimtaug eða spennistöð	Málstraumur stofnvara í 3-fasa kerfi		Flutnings- geta skv. stærð stofnvara eða spennis kVA	Tengigjöld skv. jöfnu $g = 1500 + 150 \times \text{kVA}$ Gjaldstig Tengigjald g. kr.
	220 V amp.	380 V amp.		
T 11	2 × 60	1 × 60	13	3 400
T 12	3 × 60	2 × 60	22	4 800
T 13	3 × 100	3 × 60	38	7 200
T 14		3 × 100	66	11.400
T 15	3 × 200		76	12 900
T 16	3 × 350	3 × 200	132	21 300
T 17		3 × 350	231	36 100
T 18			300	41 500
T 19			500	76 500

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan.

Önnur ákvæði um heimtaugar.

Tengigjald miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa. Yfirlengargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana þannig: $Y_j = (200 + 3 \times \text{kVA})$ gjaldstig á metra. Yfir-

lengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana þannig: $Yl = (40 + 2 \times kVA)$ gjaldstig á metra, að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umfram-línu.

Um spennistöðvar.

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Almennt.

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráða-þingheimtaug skal greiða sem svarar 1500 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

4. KAFLI

OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun, 200 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 200 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

5 KAFLI

VERÐGILDI GJALDSKRÁR

1. Verðgildi gjaldstigs í þessari gjaldskrá er 1.85 kr. frá og með 1. marz 1970.
2. Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði veitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi rafveitunnar, enda sé grundvöllurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Hlutdeild kostnaðarliða í verðgildinu 1.85 er þannig, reiknað í aukum: Orkukostnaður = 74.7, verðjöfnunargjald = 15.0, laun = 15.9, ýmis kostnaður (opinber gjöld, skrifstofuk., keypt þjónusta o. fl.) = 12.0, efni = 50.0, söluskattur = 17.4, samtals 185.0 aurar, þ. e. visitala reksturskostnaðar.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef kostnaðarvísitalan hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira. — Skal þá að jafnaði miða breytinguna við 1. janúar eða 1. júlí. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun áður en þær taka gildi.

Verðgildi gjaldstigs reiknast í hálfum eða heilum tug auru.

Ef hækkan fer upp fyrir 20% frá síðustu staðfestri gjaldskrá, skal leita staðfestingar ráðherra á nýrri gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness nr. 27 31. janúar 1968 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 7. apríl 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.